

TAUGASÁLFRÆÐI

E-807-TAUG



Ár: 2. ár

Önn: Vorönn

Tegund námskeiðs: Skylda

Undanfarar: Engir

Kennari: María K. Jónsdóttir

Lýsing: Markmið námskeiðsins er að nemendur fái góða innsýn í starfshætti klínískra taugasálfræðinga og hvernig taugasálfræðilegt mat fer fram, læri um kosti þess og galla og þær gryfjur sem þarf að varast við túlkun taugasálfræðilegra gagna. Stefnt er að því að gera nemendur vakandi fyrir taugasálfræðilegum einkennum svo þeir geti, í starfi sínu sem almennir sálfræðingar, komið auga á þessa erfiðleika í viðtölum, greiningum og meðferðarstarfi. Þetta verður gert með því að kynna ýmsar orsakir taugasálfræðilegrar skerðingar, svo sem heilaáverka og heilabilun og ýmsa taugasjúkdóma (t.d. Parkinsonveiki, MS). Einnig verður fjallað um tengsl taugasálfræði og sálmeinafræði. Komið verður inn á taugasálfræðilega endurhæfingu. Skoðuð verða taugasálfræðileg próf og sjúklingadæmum fléttað inn í fyrirlestra eins og kostur er. Einkum verður fjallað um taugasálfræði fullorðinna. Klínísk taugasálfræði á Íslandi og íslenskar rannsóknir í taugasálfræði verða kynntar.

Lærdómsviðmið: Að námskeiði loknu eiga nemendur að:

- hafa þekkingu á taugasálfræðilegu mati og gagnsemi þess en jafnramt göllum og túlkunarvanda
- geta áttað sig á hvenær hugsanlega þarf að vísa skjólstaðingum í taugasálfræðilegt mat og hverju slíkt mat gæti eða gæti ekki bætt við aðrar rannsóknir
- hafa grunnþekkingu á heilabilun og heilaáverkum og þeim taugasálfræðilega vanda sem fylgir
- hafa grunnþekkingu á taugasálfræði ýmissa annara algengra sjúkdóma sem kynntir verða
- geta lesið greinar um taugasálfræði sér til gagns í klínísku starfi.

Námsmat: Skriflegt próf, kynningar í tímum, umræður. Hluti einkunnar kemur úr jafningjamati.

Tungumál: Íslenska

ECTS: 3